

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Alfreð Gunnar Sæmundsson, sæti 4 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður eftir 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærður verður eigi sekur um refsivert brot á þeim tíma.

Ákærður greiði 120 kr. skaðabætur til Landssíma Íslands. Svo greiði ákærður og allan kostnað sakarinnar. Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. desember 1941.

Nr. 34/1940. **Johan Gerhard Ole Ellerup** (Lárus Fjeldsted)
gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Lárus Jóhannesson)

og

Hjálmar Vilhjálmssyni, bæjarfógeta

(Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju.

Dómur hæstaréttar.

Sunnudaginn 6. ágúst 1939, laust fyrir kl. 2 síðd., kom eldur upp í kjallara lyfjabúðarinnar á Seyðisfirði. Brunaliði kaupstaðarins heppnaðist að hefta útbreiðslu eldsins, og tekizt hafði því að slökkva hann að fullu um kl. 4 síðd. Bitar og loft kjallarans höfðu brunnið nokkuð og sviðnað á tveimur stöðum, en önnur spjöll af völdum brunans virðast ekki hafa verið mikil. Kjallari hússins er steinsteyptur, en að öðru leyti er það byggt úr timbri, þar á meðal loft og gólf.

Daginn eftir, þann 7. ágúst, kvaddi bæjarfógetinn á Seyðisfirði, Hjálmar Vilhjálmsson, þrjá menn, slökkviliðsstjórnann, rafveitustjórnann og lögregluþjón, til þess að framkvæma skoðunargerð á brunastaðnum. Skýrsla skoðunarmanna, sem er dagsett sama dag, er í aðalatriðum sem hér segir:

Einar útidyr eru á kjallara lyfjabúðarinnar. Er fyrst komið inn í svo nefndan fremri kjallara, sem aðgreindur er með steinsteyptum skilvegg frá innri kjallaranum (aðalkjallar-

anum). Eru einar dyr á skilveggnum. Tréstigi er í innri kjallara upp á hæðina fyrir ofan, þar sem lyfjabúðin er.

Í fremri kjallaranum hafði umbúðakössum úr tré verið hlaðið frá gólfi til lofts. Í þeim var tréull og umbúðapappír. Kassar þessir voru hálfbrunnir ofan frá og niður fyrir miðju. Yfir kössunum hafði loft og bitar brunnið nokkuð og sviðnað. Rafleiðslustrengur liggur úr innri kjallaranum inn í fremri kjallarann eftir kjallaraloftinu. Greinist leiðslan þar í járndós til tveggja lampastæða og auk þess að einum slökkvara. Brunaspjöllin á loftinu eru á milli lampastæðanna. Blý utan af raflögninni að öðru lampastæðinu var brætt af á 10 cm svæði, en vírinn heill eftir. Kveða skoðunarmennirnir ekki líklegt, að eldurinn hafi kviknað frá rafleiðslunni, en líkur bendi til, að hann hafi komið upp ofarlega í trékössunum eða rusli því, sem í þeim var. Rafveitustjórinn tekur það sérstaklega fram, að hann telji „alveg útilokað, að bruni hafi getað orsakast frá rafurmagni á þessum stað.“

Í innri kjallaranum er salerni úr timbri í öðru horninu við útvegg og skilvegg. Utan á timburvegg salernisins er festur afriðill uppi undir lofti, sem notaður er til þess að hlaða með rafgeyma. Rafleiðslutaug að afriðlinum er í stálpípum. Niður úr afriðlinum liggja tvær raftaugar með klemmum á til að festa á rafgeymana. Klemmur þessar lágu á 75 cm. háum blaðahlaða, er stóð á gólfinu við nefndan timburvegg. Blaðahlaða þenna kveða skoðunarmenn vera nokkuð sviðinn og brunninn, aðallega efst, þar sem klemmurnar lágu. Einnig hafi rafleiðslurnar brunnið og sviðnað nokkuð upp eftir, og loft og veggir hafi sviðnað litils háttar í nánd við blaðahlaðann. Er það álit skoðunarmanna, að upptök elds á þessum stað hafi ekki getað stafað frá rafleiðslunni, þar sem öryggi hafi verið heil og hleðslustraumur að afriðlinum rofinn.

Um sambandið milli brunastaðanna segir svo í skoðunargerðinni:

„Við teljum alveg óhugsandi og útilokað, að eldur hafi getað horizt á milli brunastaða þessara, þannig að eldur á öðrum staðnum hafi getað orsakað eld í hinum. Hefur því kviknað í húsinu á tveimur stöðum nærri samtímis.“

Þann 8. ágúst s. á. skoðaði og eftirlitsmaður raflagna í þjónustu rafmagnseftirlits ríkisins brunastaðinn að tilhlutun bæjarfógeta. Kvað hann ekkert hafa komið í ljós við skoðunina, er bent gæti til þess, að kviknað hafi í út frá raf-lögninni.

Bæjarfógetinn hóf réttarrannsókn út af eldsuppkomunni þann 8. ágúst 1939, og að kvöldi þess dags úrskurðaði hann eiganda lyfjabúðarinnar, Johan Gerhard Ole Ellerup, í gæzluvarðhald um óákveðinn tíma. Hélt bæjarfógetinn prófum áfram næstu daga, og þann 12. s. m., kl. 2,30 árd., var Johan Ellerup leystur úr gæzluvarðhaldi, með því að öll helztu vitni höfðu þá verið yfirheyrð og skilyrði fyrir lengri gæzluvarðhaldsvist ekki talin vera fyrir hendi, en bannað var honum jafnframt að fara burt úr lögsagnarumdæminu fyrst um sinn án leyfis lögreglustjóra. Neitaði Ellerup því ákveðið, að hann hafi átt nokkurn hlut að verki um eldsuppkomuna né að vita til orsaka hennar. Lauk réttarprófum þann 15. ágúst 1939, án þess að nokkuð yrði víst um orsakir eldsuppkomunnar. Þann 23. s. m. sendi bæjarfógetinn dómsmálaráðuneytinu afrit af prófunum. Ráðuneytið sendi rafmagnseftirliti ríkisins málið til umsagnar þann 8. sept. s. á. Hafði forstöðumaður rafmagnseftirlitsins sjálfur skoðað brunastaðinn 14. og 15. ágúst s. á., er hann var á ferð á Seyðisfirði. Í skýrslu sinni til ráðuneytisins, dags. 12. sept. s. á., kemst forstöðumaðurinn að þeirri niðurstöðu, „að ekki sé útilokað, að bruninn í kjallara lyfjabúðarinnar á Seyðisfirði h. 6. f. m. hafi orsakast af rafmagni.“ Í bréfi til bæjarfógetans þann 8. nóv. 1939 ákvað dómsmálaráðuneytið, að frekara skyldi ekki gert í málinu að svo stöddu. Tilkynnti bæjarfógetinn Johan Ellerup þessa ákvörðun ráðuneytisins í bréfi 30. nóv. s. á. og tjáði honum jafnframt, að bannið við brottför hans úr lögsagnarumdæminu væri hafið.

Johan Ellerup hefur nú með stefnu 7. maí 1940 höfðað mál þetta fyrir hæstarétti samkvæmt 3. gr. laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. nr. 28 frá 1893, sbr. 32. gr. laga um hæstarétt nr. 112 frá 1935, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og krafizt þess, að honum verði dæmdar úr ríkissjóði kr. 10000.00 eða önnur lægri fjárhæð eftir

mati dómsins í bætur fyrir spjöll á atvinnu og lánstrausti, þjáningu, skapraun og álitshnekki, er gæzluvarðhaldið hafi bakað honum. Svo krefst hann og sér til handa málskostnaðar úr ríkissjóði eftir mati hæstaréttar. Þá hefur stefnandi og stefnt Hjálmar Vilhjálmsyni bæjarfógeta og krafist þess, að hann verði vittur fyrir uppkvaðningu gæzluvarðhaldsúrskurðarins.

Hinir stefndu krefjast báðir sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi bjó sjálfur í lyfjabúðarhúsinu ásamt konu sinni og börnum. Þann 6. ágúst, þegar í húsinu kviknaði, var kona stefnanda ekki á Seyðisfirði. Börn stefnanda og þjónustustúlkur höfðu farið að heiman að loknum hádegisverði, og sjálfur fór stefnandi skömmu síðar að heiman, eða um kl. 1.30 síðd. Varð þá enginn eftir í húsinu, nema ein afgreiðslustúlka í lyfjabúð. Ekki er upplýst, að stefnandi hafi gengið um kjallarann, áður en hann fór að heiman.

Hús stefnanda var vátryggt fyrir kr. 48000.00, húsmunir fyrir kr. 15000.00, vörubirgðir og áhöld fyrir kr. 30000.00 og kaffibrennsluáhöld fyrir kr. 5000.00. Vátrygging húsmuna og vörubirgða hafði haldizt óbreytt frá 1932—1934, og hafði stefnandi þó eftir þann tíma stofnað til iðnrekstrar (efna-gerðar) í húsi sínu, er hann kveður hafa valdið aukningu vörubirgða. Vátrygging hússins hafði haldizt óbreytt frá 1935, en þá hafði hún lækkað. Var áður kr. 56000.00.

Rannsókn um verðmæti þau, sem voru í hættu, og efna-hag stefnanda yfirleitt var ekki eins ýtarleg og æskilegt hefði verið. En eftir því sem upp hefur komið í málinu um þau atriði, virðist bruni hússins ekki mundu hafa orðið stefnanda til hags. Líklegra verður að telja, að hann hefði beðið tjón af brunanum, sérstaklega þegar til þess er litið, að hann hafði iðnrekstur í húsinu og margt fastráðinna starfsmanna, en ekki vátryggt fyrir tjóni af rekstrarstöðvun, hvorki að því er lyfsöluna né iðnreksturinn varðaði. Afkoma atvinnurekstrar stefnanda um undanfarin ár fyrir 1939 gefur ekki heldur neina ástæðu til að ætla, að hann hafi af fjárhags-ástæðum gripið til þeirra örþrifaráða að kveikja í húsi sínu. Og þar sem ekki er sýnt, að stefnandi hafi haft nokkra

ástæðu til slíks verknaðar, en bruninn kann að hafa stafað af bilun raflagnar, eins og fyrr segir, þá verður að telja svo sennilegt, að hann sé saklaus af verknaðinum, að skilyrði bótaréttar samkvæmt 1. gr. fyrrgreindra laga nr. 28 frá 1893 séu fyrir hendi. Teljast bæturnar hæfilega ákveðnar kr. 2000.00. Svo ber og að dæma stefnanda málskostnað úr ríkissjóði, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Eins og atvikum var háttað í upphafi réttarrannsóknar þann 8. ágúst 1939, var réttmæt sú ákvörðun hins stefnda bæjarfógeta að úrskurða stefnanda í gæzluvarðhald og halda honum þar, meðan helztu vitni voru yfirheyrð og rannsókn á brunastaðnum framkvæmd. Ber því að sýkna hann af kröfum stefnanda í málinu og dæma honum málskostnað úr hendi stefnanda, er ákveðst 500 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Hjálmar Vilhjálmsson bæjarfógeti á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Johan Gerhard Ole Ellerups, í máli þessu, og greiði stefnandi honum 500 krónur í málskostnað.

Stefndi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiði stefnanda kr. 2000.00 og kr. 1500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.